



Eldisstöðin Ísþór hf.  
Nesbraut 25  
815 Þorlákshöfn

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 13. maí 2020  
Tilv.: UMH20040069/8.14

Vísað er til erindis yðar frá 22. apríl sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi Eldisstöðvarinnar Ísþórs hf., kt. 660509-0380, að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn, á meðan umsóknarferli vegna nýs starfsleyfis er í gangi. Fram kemur í framangreindu erindi að 1. júní nk. renni út undanþága frá starfsleyfi, starfsleyfið hafi runnið út 3. júní 2019, umsókn um nýtt starfsleyfi hafi verið send til Umhverfisstofnunar hinn 12. desember 2018 og öllum gögnum þar lútandi hafi verið skilað inn. Dregist hafi að gefa út starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun. Ástæða sé líklega sú að Eldisstöðin Ísþór hf. hafi verið að vinna að mati á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla um umhverfisáhrif vegna matsins hafi verið send til auglýsingar. Telji megum líklegt að matið klárast fyrir haustið. Umhverfisstofnun sé kunnugt um framvindu málsins og formleg vinna varðandi nýtt starfsleyfi byggt á undangengnu mati á umhverfisáhrifum muni að óbreyttu hefjast haustið 2020. Fram kemur í erindinu að Eldisstöðin Ísþór hf. sé með gilt rekstrarleyfi frá Matvælastofnun fyrir allt að 600 tonna framleiðslu á seiðum laxfiska sem renni út í maí 2026.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Matvælastofnun og Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 11. maí sl. Þar kemur fram að eldisstöðin hafi sótt um starfsleyfi til stækkunar á stöðinni í Þorlákshöfn úr 600 t í 1.800 t ársframleiðslu á laxaseiðum. Málið hafi verið í bið hjá stofnuninni þar sem framkvæmdin sé í matsferli hjá Skipulagsstofnun. Þar sem skilyrðin séu uppfyllt geri Umhverfisstofnun ekki athugasemd við að tímabundin undanþága verði veitt á meðan vinnsla starfsleyfis fari fram að

uppfylltum frekari skilyrðum.

Umsögn Matvælastofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 11. maí sl. Þar kemur fram að núgildandi rekstrarleyfi eldisstöðvarinnar hafi verið gefið út 23. maí 2016 og gildi fram í maí 2026. Rekstrarleyfið heimili allt að 600 tonna framleiðslu á ári á laxa- og regnbogasilungsseiðum. Í framhaldi af mati á umhverfisáhrifum vegna stækkunar á stöð sinni sem eldistöðin vinni nú að muni Matvælastofnun vinna að útgáfu nýs rekstrarleyfis. Matvælastofnun telji að bregðast eigi á jákvæðan hátt við beiðninni á meðan rekstraraðili vinni á virkan hátt að mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og að umsóknum um starfsleyfi og rekstrarleyfi.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Eldisstöðinni Íspór hf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir framleiðslu fyrir allt að 600 tonna framleiðslu á seiðum að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 3. júní 2015 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. apríl 2021.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Matvælastofnun  
Heilbrigðisnefnd Suðurlands